

## Skattlagning kaupréttarsamninga með hlutabréf

Samtök atvinnulífsins (SA), Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök íslenskra hugbúnaðarframleiðenda (SÍH) telja að hér á landi þurfi að setja sérstök lög um skattalega meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf. Þau telja að svipuð lög og eru í gildi í Bandaríkjunum geti eflt fjármögnun nýsköpunar hér á landi og gefið íslenskum fyrirtækjum tækifæri á að virkja mannauð til aukinnar verðmætasköpunar í ríkari mæli en áður.

Raunhæfur lagagrundvöllur kaupréttarsamninga með hlutabréf er eitt helsta samkeppnistæki ungra og ótryggra sprotafyrirtækja í baráttunni um hæfileikaríkasta fólkið við grónari fyrirtæki sem bjóða öruggari starfskjör. Því þótt þessir kaupréttarsamningar séu hvati að aukinni framleiðni á flestum sviðum er mikilvægasta hlutverk þeirra í raun að beina mannauði inn á brautir nýgræðings og áhættu.

Það er alls ekki réttlætanlegt að meðhöndla kaupréttarsamninga með hlutabréf eins og þar sé um að ræða hefðbundið eða einfalt endurgjald fyrir vinnuframlag. Framlag starfsmannsins til verðmætisaukningar fyrirtækisins er eðlislíkari framlagi áhættufjárfestisins og ávöxtun og endurgreiðsla framlagsins sömu óvissu háð.

Ósanngirni gildandi reglna gagnvart þessari staðreynd er einmitt sérstaklega auðsæ þegar hugvit eða annað persónulegt framlag er vegið á móti fjármagni sem stofnhlutafé í nýju áhættufyrirtæki. Þá myndi hlutafjäreign hugvitsmannsins væntanlega vera skattlögð sem tekjur og þá myndi engu breyta þótt allt hlutaféð tapaðist. Nothæfar reglur um kauprétt á hlutabréfum opna hins vegar fyrir að hægt sé að leiða saman hugvit og fjármagn.


Samtökin telja að sérstök löggjöf um skattaleg meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf sé nauðsynleg til að starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja fylgi þróuninni í umhverfi fyrirtækja á alþjóðlegum markaði. Þörf er á slíkri löggjöf til að halda og efla samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

## Óhófleg skattlagning hér og víða á meginlandi Evrópu

Samtökin þrjú telja það brýnt hagsmunamál að stjórnvöld stuðli að notkun þessara samninga hér á landi. Því miður eru nú lagðar á samningana óhóflegar álögur. Að óbreyttum lögum munu kaupréttarsamningar með hlutabréf aldrei skapa nein tækifæri til nýsköpunar hér á landi.

Samtökin telja að eigi íslensk fyrirtæki að vera samkeppnishæf um hæfileikaríkt vinnuafli á alþjóðlegum markaði verði skattaleg meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf að taka mið af því sem best gerist í löndunum í kringum okkur. Ef skattalög fullnægja þessari kröfu munu innlend fyrirtæki getað skapað þá hvatningu í samningum við starfsmenn sem best tryggir árangur þeirra í starfi. Íslensk fyrirtæki munu þá frekar halda því starfsfólki er tryggt getur samkeppnisstöðu þeirra á fjölþjóðlegum mörkuðum. Ísland verður um leið ákjósanlegri staður fyrir fyrirtæki sem byggja verðmætasköpun sína á mannauði.

Í flestum ríkjum heims er almennt litið á tekjur þær sem kaupréttarsamningar með hlutabréf skapa sem launatekjur og af þeim greiddur tekjuskattur ásamt iðgjöldum almannatrygginga. Svona er þessu einnig háttað hér á landi. Annars staðar s.s. í Bandaríkjunum og Bretlandi eru í gildi í sérstök lög eða reglur sem kveða á um að fullnægi kaupréttarsamningurinn og meðferð hans ákveðnum skilyrðum skulu tekjur þær sem af samningunum leiða skattlagðar sem fjármagnstekjur.



Stöplarityð hér fyrir ofan sýnir fjölbjóðlegan samanburð á skattlagningu tekna af kauprétti með hlutabréf teljist þær launatekjur í meðhöndlun skattýfirvalda.<sup>1</sup> Tekið er skatthlutfall hátekjuskatts í hverju landi og bætt við iðgjöldum almannatrygginga eftir því sem lög kveða á um í viðkomandi landi að skuli skattleggja tekjur af kaupréttarsamningum með hlutabréf. Þannig er í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, miðað við efsta þrep tekjuskattsins sem er 39,6% en ekki eitt af þrepunum fjórum þar fyrir neðan. Bætt er við 3% framlagi til almannatrygginga. Samanlagt er þetta 42,6% skattlagning og er sú tala sýnd á stöplaritinu. Af hverjum tíu krónum sem kaupréttarsamningur gefur í tekjur þar í landi fær starfsmaðurinn tæplega sex krónur beint í sinn vasa. Rétt er að áréttta að hér er um hæstu mögulegu skattlagningu að ræða samkvæmt bandarískum skattalögum. Skattlagningin fer niður í 20% fullnægi kaupréttarsamningurinn og framkvæmd hans ákveðnum skilyrðum.

Samkvæmt íslenskum skattalögum stofnast skattskylda þegar kaupréttur er notaður og er skattstofninn mismunurinn á gangverði hlutabréfsins þá og því sem kaupandinn greiðir fyrir það. Litið er á þessar tekjur sem launatekjur og þær skattlagðar sem slíkar. Við 38,37% staðgreiðslu bætist 7% hátekjuskattur, 5,23% tryggingargjald og 10% líffeyrisiðgjald. Samanlagt er þetta 60,6% skattlagning. Ólíkt því sem er í Bandaríkjunum og víðar eru engin lög í gildi hér á landi er heimila að tekjur af kaupréttarsamningi með hlutabréf séu skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Skattlagning tekna af kaupréttarsamningum með hlutabréf er litlu lægri hér á landi en almennt í aðildarríkjum ESB þar sem áður nefnt hlutfall er 65%. Skattlagningin í ESB er ríflega þriðjungu hærrí en í Bandaríkjunum. Af ESB ríkjunum er hæsta skatthlutfallið í Frakklandi. Undir ákveðnum kringumstæðum getur hlutfallið þar í landi farið upp í 120%. Allar tekjurnar sem kaupréttarsamningurinn skapar eru greiddar til hins opinbera að viðbættum 20%. Í Frakklandi er hins vegar í gildi sérákvæði sem gera það að verkum að skattlagningin fer niður í 40% (fjármagnstekjuskatt) fullnægi kaupréttarsamningurinn og notkun hans ákveðnum kröfum s.s. þeim að tekjurnar skulu innleystar eftir að fimm ár eru liðinn frá gerð samningsins.

---

<sup>1</sup> Jack Anderson, „Who needs incentives?“, *Forbes*, 17. maí 1999.

Ef litið er til nágranna okkar á Norðurlöndunum þá er hlutfallið 88% í Svíþjóð og 74% í Noregi. Fáir nota kaupréttasamninga með hlutabréf í þessum ríkjum tveim. Fyrirtækin leita annarra leiða við fjármögnun og til að ráða, hvetja og halda í lykilstarfsmenn. Í Danmörku og Finnlandi er hlutfallið 59% eða litlu lægra en hér á landi. Lögin í þessum og fleirri löndum Evrópu hafa verið til endurskoðunar í því augnamiði að auka notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf og hefur í því sambandi verið litið til Bandaríkjanna og Bretlands. Norðurlandþjóðirnar og flestar þjóðir á meginlandi Evrópu eru aftar í þessari þróun en Bandaríkin og Bretland og því er rangt að líta til þeirra við móttun reglna hér á landi.

### **Skattlagt sem fjármagnstekjur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum**

Við breytingar á núgildandi skattalögum eða smíði sérлага um skattalega meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf telja samtökin þrjú rétt að litið sé til þeirra ríkja þar sem notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf er hvað mest. Umhverfi sem elur af sér mikla notkun þessara samninga er það umhverfi sem samtökin vilja sjá hér á landi.

Í Bandaríkjunum er augljóslega þetta umhverfi. Um 78% fyrirtækja þar í landi nota þessa samninga til fjármögnunar og til að laða til sín, hvetja og halda lykilstarfsmönnum.<sup>2</sup> Í Bretlandi er notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf reyndar einnig nokkuð almenn. Um 72% fyrirtækja þar í landi nýta sér þessa samninga og er því ástæða til að gefa bresku umhverfi gaum. Munurinn á Bretlandi og Bandaríkjunum felst hins vegar í því að 17% af launum forstjóra breskra fyrirtækja eru af kauprétti með hlutabréf samanborði við 36% í Bandaríkjunum. Tekjur af kauprétti eru því ekki eins stór hluti heildartekna æðstu stjórnenda fyrirtækja í Bretlandi og í Bandaríkjunum þó að útbreiðsla samninganna sé álíka.

Rétt er að leggja á það áherslu að samtökin telja að þeir sem vilja halda skattalegri meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf hér á landi óbreyttri séu með afstöðu sinni andstæðir almennri notkun þessara samninga hér á landi. Að óbreyttu munu fyrirtækin leita annarra leiða til að fjármagna nýsköpun, ráða til sín, halda og hvetja lykilstarfsmenn. Íslenskt efnahagslíf mun þá verða af því sem almennt er talið vera ríkulegt framlag þessara samninga til aukinnar verðmætasköpunar s.s. í

---

<sup>2</sup> Deborah Orr, „American pay practices are being exported to Europe – and not everyone over there likes it“, *Forbes*, 17. maí 1999.

Bandaríkjunum. Meira að segja franskur fjármálaráðherra, Antoine Mérieux, sagði eitt sinn í ræðu sem hann flutti í New York 1998 að almenn notkun kaupréttarsamninga með hlutabréf í Bandaríkjunum sé lykilástæða þess að 14 milljón störf sköpuðust þar í landi frá árinu 1991.<sup>3</sup> Möguleikar þess að fá umbun eftir framlagi, hélt ráðherra áfram, hefur skapað mjög öfluga hvatningu fyrir ameríska frumkvöðla og stjórnendur til að skapa og þróa framsækin og vaxandi fyrirtæki.

Uppfylli kaupréttarsamningur með hlutabréf ákveðin skilyrði í Bandaríkjunum eru tekjurnar sem hann skapar skattlagðar sem fjármagnstekjur en ekki launatekjur þ.e. 20% í stað áðurnefndra 42,6%. Ástæðan er ekki síst sú að þessar tekjur eiga meira skylt við fjármagnstekjur en launatekjur. Tekjurnar ráðast af gengisþróun hlutabréfanna og eru þær því háðar sömu óvissu og fjárfestar stofna til með kaupum á hlut í fyrirtækinu. Kaupréttarsamningur með hlutabréf eru í raun ákveðið form fjármögnunar, þar sem áhættufé er fengið frá starfsmönnum. Mismunun felst í því að skattleggja þessa fjármögnunarleið umfram aðra og líkt og önnur mismunun ruglar hún markaðarinn, leiðir til óhagræðis og minni verðmætasköpunar.

Áðurnefnd skilyrði í Bandaríkjunum byggja á langri reynslu og sögu sem nær aftur til ársins 1950.<sup>4</sup> Þær eru afurð 50 ára þróunarstarfs og segja til um hvað þarf til þess að slíkir samningar virki til fjármögnunar nýsköpunar og til að hjálpa fyrirtækjum til að ráða til sín, halda og hvetja lykilstarfsmenn. Skilyrðin taka m.a. til líftíma samningsins, kaupgengis og eignarhaldstíma. Þannig má líftími samningsins ekki vera meira en tíu ár; kaupgengi í samningnum verður að vera markaðsgengi á þeim degi sem samningurinn er gerður; kauprétturinn getur ekki flust á milli einstaklinga nema í gegnum erfðir; Starfsmaðurinn verður að eiga hlutabréfin lengur en í tvö ár frá því að kaupréttarsamningurinn var gerður og í meira en eitt ár frá því hann nýtir sér kaupréttinn. Fleiri skilyrði eru í bandarísku lögnum en ekki er ástæða til að rekja þau öll hér.

Í skattalegu tilliti er það þrennt sem breytist þegar kaupréttarsamningur með hlutabréf fullnægir áðurnefndum kröfum. Í fyrsta lagi greiðir starfsmaðurinn þá

<sup>3</sup> Jack Anderson, „Who needs incentives?“, *Forbes*, 17. maí 1999.


<sup>4</sup> Þorseinn Bender, „Executive Remuneration – Executive Share Options and Corporate Governance“, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, febrúar 2000.

fjármagnstekjuskatt af tekjum sínum af bréfinu en ekki launatekjuskatt að viðbættum iðgjöldum til almannatrygginga. Í öðru lagi greiðist skatturinn þegar hlutabréfin eru seld en ekki þegar kauprétturinn er nýttur og starfsmaðurinn leysir til sín bréfin. Þannig greiðist skatturinn þegar starfsmaðurinn hefur fengið tekjurnar greiddar en ekki þegar þær eru enn bundnar í hlutabréfaeign. Að lokum eru tekjurnar sem samningurinn skapar ekki lengur frádráttarbærar í rekstri fyrirtækisins ólíkt því sem var þegar þær töldust til launatekna.

### Rök gegn breyttri framkvæmd

Andstæðingar þess að bandaríska leiðin sé bundin í íslensk skattalög hafa bent á að fjármagnstekjuskatturinn er margfalt lægri hér á landi en víðast hvar erlendis. Að mati SA, SI og SÍH er þetta rangt. Í fyrsta lagi er sá skattur sem leggst á við sölu hlutabréfa víða lægri en hér. Má í því sambandi nefna Sviss, Þýskaland og Holland þar sem þetta skatthlutfall er 0%.<sup>5</sup> Í öðru lagi er í íslensku skattalögum þak í fjármagnstekjuskattinum sem finnst ekki t.d. í Bandaríkjunum og Bretlandi. Í Bretlandi eru hins vegar skattleysismörk (7.100 pund fyrir skattárið 1999/00). Meðalskatturinn hér á landi er því fljótur af fara yfir þau mörk sem gilda í þessum tveimur löndum þó svo að jaðarskatturinn sé lægri hér á landi.

Ef bandarískar reglur um skattalega meðferð kaupréttarsamninga með hlutabréf eiga að virka hér á landi verður að taka þak fjármagnstekjuskattsins til endurskoðunar. Stjórnendur fyrirtækja eru flestir með verðbréfaeign fyrir sem gefur af sér tekjur. Rýmið fyrir tekjur af kaupréttarsamningum með hlutabréf er því eflaust í flestum tilfellum lítið innan núgildandi þaks fjármagnstekjuskattsins. Ef þessir samningar eiga að ná einhverri fötfestu hér á landi verður að hækka



<sup>5</sup> Jack Anders, „The exit tax“, *Forbes* 11. janúar 1999.

Þetta þak eða láta þakið ná til allra annarra fjármagnstekna en þeirra sem starfsmenn hafa af kaupréttarsamningum með hlutabréf.

Andstæðingar þess að bandaríska leiðin sé bundin í lög hér á landi hafa bent á að þegar sé fyrir hendi ívilnandi kerfi fyrir einstaklinga sem vilja fjárfesta í hlutabréfum. Að mati samtakanna þriggja felst í þessari ábendingu sá misskilningur að markmið kaupréttarsamninga með hlutabréf sé að hvetja einstaklinga til að fjárfesta í hlutabréfum. Markmiðið með samningunum er að auðvelda fyrirtækjum að ráða til sín, hvetja og halda lykilstarfsmönnum og fjármagna nýsköpun.

Ýmsir hafa bent á að bandarísk lagaákvæði um kaupréttarsamningum með hlutabréf hefi frelsi á vinnumarkaði og dragi úr veltu hlutabréfamarkaðarins. Skattalegt hagræði er bundið við eignarhaldstíma og hvort viðkomandi heldur áfram sínu starfi hjá fyrirtækinu eða ekki. Óneitanlega virðist það við fyrstu sýn hafa í för með sér minni hlutabréfaviðskipti og hreyfanleika starfsfólks á milli fyrirtækja.

Hvað varðar frelsi vinnuaflsins þá breyta kaupréttarsamningar engu þar um. Frelsi starfsmanna til að færa sig á milli fyrirtækja er jafn mikið og áður. Það að með kaupréttarsamningum sé innbyggt í launakjör starfsmanna væntingar um framtíðarhagnað þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá kemur ekki í veg fyrir það að önnur fyrirtæki geti boðið betur. Engin höft á vinnumarkaðinn felast því í bandarísku löggjöfni að þessu leiti.

Skilyrði um að ákveðinn tími skuli líða áður en kaupréttinn er notaður og bréfin seld getur dregið úr veltu á hlutabréfamarkaði. Í því er þó ekkert gefið. Veltan gæti allt eins aukist. Má í því sambandi nefna að gangi markmið samninganna eftir eykst virði fyrirtækja á markaði og þar með velta í krónum talið. Fátt er því hægt að fullyrða um áhrif áður nefndra tímamarka á veltu á hlutabréfamarkaði.

Markmið kaupréttarsamninga með hlutabréf er m.a. að hvetja til þess að starfsmenn láti langtímasjónarmið ráða gerðum sínum og ákvörðunum er varða rekstur fyrirtækisins. Sá tími sem bundinn er í lög verður að taka mið af þessu. Lögin eiga að kveða á um lágmark þess tíma sem þörf er að líði þar til starfsmaður nýtir sér kaupréttinn og selur hlutabréfin. Í lögin á að festa lágmark þess tíma er kalla má

langan tíma í rekstri hvers fyrirtækis. Fyrirtækjum á að vera heimilt að semja um þá tímallengd sem hentar best hverju sinni. Í tillögum þarf því að skilja það eftir handa fyrirtækjum hvernig þau nýta ein samfelld tímamörk frá því að kaupréttarsamningur er gerður og þar til söluhagnaður er innleystur (notkun réttar falli sem sagt einhvers staðar inn í rammann). Aftur má benda á þá löngu reynslu sem bandarísk löggjöf um kaupréttarsamninga með hlutabréf er sprottin úr. Sambærileg tímamörk og eru í gildi þar virðist vera skynsamlegt að festa í lög hér.

### **Tillögur um lagabreytingar**

Meginhugmyndir SA, SI og SÍH um skattalega meðferð kjarasamninga eru hér fyrir neðan settar fram sem drög að breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða tillögur sem líta ber á sem grundvöll til umræðu og til að byggja á frekari og nánari útfærslu.

### **Tillögur um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.**

1 gr.

Á eftir 60. gr. laganna kemur ný grein, 60. gr. A, svohljóðandi:

Samkvæmt lögum þessum merkir kaupréttarsamningur samning sem kveður á um að einstaklingi sé heimilt að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki sem hann starfar hjá eða dóttur- eða móðurfyrirtækis þess og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

1. Í samningnum sé einstaklingurinn sem á kaupréttinn tilgreindur.
2. Í samningnum sé tilgreindur heildarfjöldi hlutabréfa sem samningurinn myndar kauprétt á.
3. Í samningnum sé kveðið á um kaupgengi sem sé eigi lægra en markaðsverð á þeim degi sem samningur er gerður.
4. Samningurinn sé ekki til lengri tíma en 10 ára.
5. Hlutabréf sem innleyst eru skv. samningnum séu í eigu þess aðila sem neytir kaupréttarins í a.m.k. tvö ár frá því samningur er gerður og a.m.k. eitt ár frá því hlutabréfin eru innleyst.
6. Sá aðili sem nýtir sér kauprétt skv. samningnum hafi verið í starfi hjá því fyrirtæki sem kauprétturinn beinist að eða dóttur- eða móðurfyrirtæki þess, allt frá því samningurinn var gerður og sé í starfi a.m.k. 3 mánuðum áður en kauprétturinn er nýttur.

Við ákvörðun á markaðsverði skv. 10. lið skal greina á milli hlutafélaga sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og annarra hlutafélaga sem ekki hafa slíka skráningu. Sé félag skráð á skipulegum verðbréfamarkaði skal markaðsverð miðast við gengisskráningu. Ef félag er ekki skráð skal miða við bókfært verð samkvæmt síðasta endurskoðaða uppgjöri félagsins, enda liggur ekki fyrir óyggjandi upplýsingar um að miða skuli við annað og hærra verð.

Tekjur af kaupréttarsamningi skulu skattlagðar sem fjármágnstekjur eingöngu.